

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) er aðili að heimssambandinu World Archery (WA) og fer eftir reglum og lögum þess, nema annars sé getið í lögum eða reglugerðum BFSÍ.

Erlendir viðburðir

1. Hlutgengi þátttakenda á erlenda viðburði.

- 1.1. Þátttakendur BFSÍ á erlendum viðburðum skulu uppfylla reglur viðkomandi viðburðar um hlutgengi þátttakenda. T.d. hlutgengisreglur WA, WAE, WAN, ÍSÍ o.s.frv. á þeirra mótum sem við eiga hverju sinni.
- 1.2. Önnur skilyrði:
 - 1.2.1. Þátttakandi skal vera á skrá aðildarfélags BFSÍ í mótakerfi BFSÍ og félagakerfi BFSÍ.
 - 1.2.2. Þátttakandi og aðildarfélag hans skulu vera skuldlaus við BFSÍ.
 - 1.2.3. Þátttakandi skal vera skráður á þátttakendaskrá BFSÍ hjá WA eða hafa ekkert skráð þátttökuland hjá WA.
 - 1.2.4. Þátttakandi skal hafa vegabréf sem rennur ekki út fyrr en a.m.k. 6 mánuðum eftir lok viðburðarins.
 - 1.2.5. Þátttakandi skal virða og fara eftir lögum og reglum BFSÍ og viðkomandi alþjóðasambands.
 - 1.2.6. Þátttakandi skal virða og fara eftir siðareglum og hegðunarviðmiðum BFSÍ.
 - 1.2.7. Þátttakandi skal fara eftir reglum BFSÍ, ÍSÍ, WADA, Lyfjaeftirlits Íslands og viðkomandi alþjóðasambands í lyfjamálum. Ef þátttakandi þarf að taka lyf skal hann tryggja að þau séu leyfileg til notkunar eða hafa undanþágu fyrir töku slíks lyfs (TUE) frá viðeigandi sambandi.
 - 1.2.8. Þátttakendur BFSÍ á erlendum viðburðum skulu vera til fyrirmyndar og sýna og hafa sýnt fyrirmyndar hegðun bæði innan og utan vallar, hérlandis sem og erlendis.
- 1.3. Þátttakandi sem verður uppvís af því að brjóta í bága við hlutgengisreglur verður vísað úr erlendum viðburði og/eða viðkomandi verður ekki valinn til þátttöku í erlendum viðburði. Slíkt brot getur einnig haft í för með sér frekari afleiðingar s.s. tímabundið eða varanlegt óhlutgengi úr íþróttinni og/eða að viðkomandi verði ekki valinn fulltrúi BFSÍ á erlenda viðburði í framtíðinni.
- 1.4. Ef þátttakandi hefur gerst sekur um alvarlegt afbrot eða stjórn telur að þátttaka tiltekins þátttakanda muni skaða ímynd eða orðspor BFSÍ vegna trúverðugra ásakana um alvarlegt afbrot skal viðkomandi ekki valinn til þátttöku í erlenda viðburði.
- 1.5. Þátttakandi skal hafa kynnt sér persónuverndarstefnu BFSÍ og samþykki að tekið verði og birt fjölmiðlaefni um viðkomandi s.s. ljósmyndir, myndbönd og skrifaðar fréttir um þátttöku sína, og að haldið verði utan um söguleg gögn tengt þátttökunni.
- 1.6. Þátttakandi skal undirrita að hann hafi kynnt sér, samþykki og muni fara eftir ofangreindu, og skila skjalinu undirrituðu til starfsfólks BFSÍ.

Ég hef lesið hlutgengisreglur BFSÍ og kynnt mér þær reglur sem vísað er í og staðfesti með undirritun minni hér að ég skilji reglurnar og muni fara eftir þeim í þátttöku minni fyrir hönd BFSÍ.

Fullt nafn og kennitala

Sími, netfang og dags

2. Skipulag:

- 2.1. Íþróttastjóri skal leggja fyrir stjórn BFSÍ í október árlega (eða fyrir umsóknarfrest Afrekssjóðs ÍSÍ sé hann fyrir á árinu):
 - 2.1.1. Áætlun um landsliðsverkefni næsta árs, sem skal innihalda m.a.;
 - 2.1.1.1. Landsliðsverkefni næsta árs sem áætlað er að verði lögð áhersla á þátttöku í;
 - 2.1.1.2. Þátttakenda áætlun í áherslu landsliðsverkefnum næsta árs;
 - 2.1.1.3. Sundurliðaða áætlun um niðurgreiðslu BFSÍ á þátttökugjöldum keppenda.
 - 2.1.2. Drög að umsókn BFSÍ til Afrekssjóðs ÍSÍ til samþykktar;
 - 2.1.3. Drög að viðmiðum íþróttastjóra fyrir val í hópum og landsliðsverkefni næsta tímabils.
- 2.2. Mat á störfum íþróttastjóra byggist á markmiðum Afrekssstarfs BFSÍ sem sett eru upp í Afrekisstefnu BFSÍ, hvort að þeim hafi verið náð og/eða þeirri framför sem orðið hefur verið í átt að því að ná þeim markmiðum.

3. Val í hópum BFSÍ:

- 3.1. Íþróttastjóri velur í hópum BFSÍ á grundvelli eftirfarandi atriða:
 - 3.1.1. Getustigi íþróttamanns í viðkomandi íþrótt-/keppnisgrein á gefnu tímabili.
 - 3.1.2. Þátttöku og keppnisreynslu íþróttamanns á gefnu tímabili.
 - 3.1.3. Hegðun og atferli íþróttamanns hafi sýnt fram á að hann hafi verið, sé og verði fyrirmyndar fulltrúi BFSÍ, sé góður liðsfélagi með gott viðmót og geti unnið með öðrum íþróttamönnum í hópnum.
 - 3.1.4. Að íþróttamaður hafi tilkynnt íþróttastjóra um vilja sinn til þátttöku í landsliðsverkefnum næsta árs og lýst sig reiðubúinn til þess að takast á herðar kostnað, bæði fjárhagslegan og í ráðstöfun tíma til æfinga sem þátttaka á alþjóðlegum viðburði fyrir hönd BFSÍ kallar á.
- 3.2. Íþróttastjóri skal halda úti síðu á vefsíðu BFSÍ þar sem hann gerir frekar grein fyrir þeim viðmiðum og tímabilum sem lýst er hér fyrir ofan við val sitt í hópum.
- 3.3. Íþróttastjóri hefur heimild til að bæta við íþróttafólki hvenær sem er í hópum BFSÍ t.d. til þess að fylla í lið, skipa varamenn, bæta við efnilegum keppendum úr hæfileikamótun, bæta við efnilegum keppendum í hæfileikamótun, vegna tilfallandi verkefna o.s.frv..
- 3.4. Íþróttastjóri hefur heimild til þess að fjarlægja úr hópum BFSÍ hvenær sem er þá sem t.d. munu ekki taka þátt í landsliðsverkefnum, viðhalda ekki þátttöku, keppnisreynslu eða getustigi, stunda ekki æfingar í samræmi við æfingaáætlun eða brjóta í bága við reglur BFSÍ/ÍSÍ/WA.

4. Val í landsliðsverkefni með takmörkuðum þátttökukvóta. (s.s. HM/EM, World Cup o.s.frv.):

- 4.1. Íþróttastjóri velur úr hópum BFSÍ í landsliðsverkefni BFSÍ með takmörkuðum þátttökukvóta.

5. Val í landsliðsverkefni með ótakmörkuðum þátttökukvóta. (s.s. Norðurlandameistaramót ungmenna, Indoor World Series, Veronicas Cup, heimsleikar öldunga o.s.frv.):

- 5.1. Öllu hlutgengu íþróttafólki sem mæta kröfum viðburðarins er heimil þátttaka í þeim verkefnum.
- 5.2. Skráning til BFSÍ í slík landsliðsverkefni fer fram í gegnum aðildarfélög BFSÍ.
- 5.3. Aðildarfélög skulu útvega þjálfara/liðsstjóra/fararstjóra, eftir því sem við á, fyrir sitt íþróttafólk í slík landsliðsverkefni.

6. Greiðslur gjalda vegna erlendra viðburða:

- 6.1. Þátttakendur eða aðildarfélag þeirra skulu greiða öll gjöld vegna þátttöku á erlendum viðburðum fyrir viðeigandi fresti sem settir eru af Íþróttastjóra.
- 6.2. Öll gjöld sem greidd eru til BFSÍ vegna erlendra viðburða eru óendurgreiðanleg og verða ekki að inneign keppanda eða aðildarfélags.
- 6.3. Ef ekki er búið að greiða gjöld tengt þátttöku fyrir viðeigandi frest er heimilt að meina íþróttamanni þátttöku í viðburðinum eða að velja annan þátttakanda í hans stað.

7. Unninn framhalds þátttökuréttur:

- 7.1. Úthlutun á framhalds þátttökurétt fer eftir reglum viðburðarins sem um ræðir. (s.s. Ólympíuleika, Evrópuleika, Heimsleika, Ólympíuleika ungmenna, World Cup Finals og slíka viðburði)
- 7.2. Ef ekki er skilgreindur ákveðinn keppandi og/eða margir keppendur mæta kröfum í reglum viðburðar sem um ræðir og BFSÍ þarf að velja milli keppenda eða forgangsraða þeim til þess að nýta framhalds þátttökurétt er val ferlis viðmiðið eftirfarandi:
 - 7.2.1. Þátttakandi sem vinnur framhalds þátttökurétt fyrir hönd BFSÍ fær fyrstur færi á því að nýta slíkan þátttökurétt.
 - 7.2.1.1. Ef fleiri en einn þátttakandi vinnur framhalds þátttökurétt fyrir einstakling er valið milli þeirra þátttakanda eftir lokasæti þess viðburðar sem gaf þátttökuréttinn.
 - 7.2.1.2. Ef þeir þátttakendur eru jafnir í lokasæti er valið milli þeirra eftir skori úr undankeppni á þeim viðburði þar sem framhalds þátttökurétturinn vannst.
 - 7.2.1.3. Ef þátttakendur eru en jafnir ræður íþróttastjóri vali milli þeirra einstaklinga.
 - 7.2.2. Ef þátttakandi sem vann þátttökurétt getur ekki nýtt þátttökuréttinn eða forfallast á annan veg fá þeir fyrstir færi á því að nýta þátttökuréttinn sem kepptu á undankeppnisviðburðum sem gáfu framhalds þátttökuréttinn til BFSÍ.
 - 7.2.2.1. Þeim er forgangsraað eftir tveim bestu skorum sínum (Íslandsmetahæfum) úr undankeppni, í þeirri íþróttagrein/keppnisgrein, á síðustu 12 mánuðum frá lok viðburðar þar sem framhalds keppnisréttur vannst.
 - 7.2.3. Ef ekki næst að úthluta framhalds þátttökurétti miðað við ofangreind ákvæði velur íþróttastjóri þátttakanda sem getur nýtt framhalds þátttökuréttinn, ef einhver er.
- 7.3. Ef keppandi staðfestir ekki að hann muni nýta þátttökuréttinn innan þess tímaramma sem gefin er upp í tilkynningu til hans er íþróttastjóra heimilt að velja næsta keppanda í röðinni til að nýta þátttökuréttinn.

8. Sérstök boðssæti (s.s. Wild Card):

- 8.1. Úthlutun á sérstökum boðssætum (wild card) á s.s. Ólympíuleika, Evrópuleika, Heimsleika, Ólympíuleika ungmenna, World Cup Finals og öðrum viðburðum fer eftir reglum viðburðarins sem um ræðir.
- 8.2. Ef ekki er skilgreindur ákveðinn keppandi og/eða margir keppendur mæta kröfum í reglum viðburðar sem um ræðir og BFSÍ þarf að velja milli keppenda eða forgangsraða þeim til þess að nýta sérstakt boðssæti (Wild Card) er val ferlis viðmiðið eftirfarandi:
 - 8.2.1. Keppendur sem tóku þátt á þeim viðburðum sem taka þurfti þátt í til þess að fá sérstaka boðssætið skulu hafa forgang á sérstök boðssæti.

- 8.2.2. Þeim keppendum er forgangsraðað eftir tveim bestu skorum sínum úr undankeppni Íslandsmetahæfra móta, í þeirra íþróttagrein/keppnisgrein sem við á. Miða skal við skor á síðustu 12 mánuðum fyrir þann tíma sem BFSÍ er tilkynnt um sérstaka boðssætið.
- 8.2.3. Ef ekki næst að úthluta sérstaka boðssætinu miðað við ofangreind ákvæði velur íþróttastjóri þátttakanda sem getur nýtt sérstaka boðssætið, ef einhver er.
- 8.3. Ef keppandi staðfestir ekki að hann muni nýta sérstaka boðssætið innan þess tímaramma sem gefin er upp í tilkynningu til hans er íþróttastjóra heimilt að velja næsta keppanda í röðinni.

9. Keppni í landsliðsverkefni hætt eða ekki komið til leiks:

- 9.1. Ef að keppandi kemur ekki til leiks eða hættir keppni, án gildrar ástæðu, er Íþróttastjóra heimilt að velja ekki viðkomandi keppanda í framtíðar landsliðsverkefni.

10. Framkoma og ábyrgð á viðburðum:

- 10.1. Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum.
- 10.2. Keppandi skal sýna dómurum, liðsstjórum og starfsmönnum viðburðar tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.
- 10.3. Keppandi er sjálfur ábyrgur fyrir því að allar persónulegar upplýsingar séu réttar, svo sem nafn, aldur, kyn og félag.
- 10.4. Keppandi skal ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu.
- 10.5. Keppandi skal tilkynna forföll í tæka tíð og má enginn ganga úr keppni án þess að tilkynna það liðsstjóra, dómara og mótshöldurum, þótt hann hafi lögleg forföll.
- 10.6. Keppandi æfir sig og keppir á eigin ábyrgð, og bera mótshaldarar og/eða BFSÍ því enga ábyrgð á meiðslum, er hann kann að verða fyrir.

11. Viðburðir fatlaðra:

- 11.1. Viðburðir fatlaðra falla undir lögsögu Íþróttasambands Fatlaðra (ÍF). Þátttakendur sem hyggjast taka þátt í viðburðum fatlaðra í bogfimi skulu gera það í gegnum ÍF.
- 11.2. Val þátttakenda í landsliðsverkefni, hópa eða viðburði fatlaðra innan vébanda BFSÍ er ákvarðað af ÍF og skal ÍF bera kostnað af slíkri þátttöku.
- 11.3. BFSÍ skal vera í góðu sambandi og samstarfi við ÍF um þessi verkefni.

12. Fylgdarfólk:

- 12.1. Íþróttastjóri velur liðsstjóra/fararstjóra í landsliðsverkefni ef hann fer ekki sjálfur.
- 12.1.1. Liðsstjóri/fararstjóri er fulltrúi BFSÍ á viðkomandi viðburði og hefur heimild til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd BFSÍ tengdar viðburðinum m.a.:
- 12.1.1.1. Vísar þátttakendum úr viðburði.
- 12.1.1.2. Senda þátttakendur heim.
- 12.1.1.3. Breyta uppsetningu liðs.
- 12.2. Æskilegt er að fararstjóri/liðsstjóri í landsliðsverkefni hafi bæði virk dómara og þjálfararéttindi.
- 12.3. Íþróttastjóri ræður vali annars fylgdarfólks í landsliðsverkefni.